

Handan við geimdjúpin

HUGSUM oss steinaldarmann, sem stóð á ströndu fyrir svo sem 100.000 árum, og horfði út á sjóinn. Hann var að byrja að uppgötva hafið. Alda tók við af öldu, risandi, hnigandi, svo langt sem auga eygði, og hinn alólgandi, feiknaviði sær vakti nokkurn vísí til undrunar í huga steinaldarmannsins. En hversu firnalangt var þó frá því, að fornaldarmanninn grunaði alla vidd hafssins. Og hversu alþjárrí var honum sú hugsun, að taka mætti nokkurn hluta hins þurra lands og laga svo til að fljóta mætti á yfir hafið alt, og finna land hinum megin, og á því landi fólk, sem líkt væri komumanninum, brátt fyrir allan mun. Eins fjarri voru steinaldarmanninum slikar hugsanir, eins og til skamms tíma hefir oss niðjum hans verið sú vitneskja, að handan við geimdjúpin, á öðrum stjörnum, eru lifandi verur, skynsemi gaeddar, og að mennirnir hafa lengi haft mök við slikar verur og örðöld fyrir áhrifum þeirra, þó að þeir vissu það ekki, og sambandið gæti ekki orðið til gagns svo sem þurft hefði, einmitt vegna þessarar vanþekkingar.

Dr. Helgi Pjeturss.